

**Fundur fjallskilaneftdar Austur-Síðu afréttar og Fljótshverfis, haldinn á  
Keldunúpi 17. ágúst 2021 kl 20.30  
Mætt eru Rúnar Guðnason, Marvin Einarsson og Rannveig Ólafsdóttir sem ritar  
fundargerð.**

Fjallskilaneftnd vill byrja á því að bjóða Marvin Einarsson velkominn í nefndina sem kemur í staðinn fyrir Jón Jónsson sem lét af störfum á árinu. Eins vill nefndin þakka Jóni fyrir vel unnin störf og samvinnu síðustu ára.

Farið verður í fyrsta safn þann 7. september næstkomandi og réttað verður í lögrétt föstudaginn 10. september. Farið verður í annað safn 24. september. Líkt og í fyrra verður ekki farið í þriðja safn heldur fjölgað frekar mannskap í fyrri söfnum.

Fjallskilaseðill var uppfærður frá síðasta ári með árlegum breytingum svo sem dagsetningum og daggjöldum. Aðrar helstu breytingar eru þær að Fljótshverfi hefur verið bætt við og ber nefndin nú heitið Fjallskilaneftnd Austur-Síðu afréttar og Fljótshverfis

Fundi slitið kl 22.30